

Samband íslenskra sveitarfélaga 70 ára 1945–2015

Dagana 11. til 13. júní árið 1945 var haldið í Reykjavík og á Þingvöllum stofnþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til stofnþingsins hafði verið boðað af undirbúningsnefnd, sem eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna í félagsmálaráðuneytinu, Jónas Guðmundsson, hafði sett á laggirnar. Í undirbúningsnefndinni áttu sæti, auk Jónasar, Guðmundur Ásbjörnsson, forseti bæjarstjórnar Reykjavíkur, og Björn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Stofnun sambandsins hafði átt sér nokkurn aðdraganda. Jónas Guðmundsson hafði þegar árið 1941 ritað grein í fyrsta tölublað tímaritsins Sveitarstjórnarmála um þörf þess að stofna hér á landi félag íslenskra sveitarstjórnarmanna, líkt og frændþjóðirnar annars staðar á Norðurlöndum höfðu gert löngu áður. Í greininni segir m.a.:

Jónas sá fyrir sér að félagsmenn „ættu allir að geta orðið, sem kosnir eru í bæjarstjórn, hreppsnefnd og sýslunefnd, hvar sem er á landinu“. Auk venjulegra félagsmála taldi Jónas að á fundum félagsins skyldi „ræða hvert það mál, sem menn hefðu þar að flytja, og gera ályktanir um þau þeirra, sem þess þættu verð“.

„Svo má heita, að þeir menn, sem sveitarmálefnum landsins stjórna, þekkist ekkert. Þeir eiga þess engan kost að koma saman og ræða áhugamál sín á sviði sveitarmálefna, og ýmiss konar óþarfakritur á sér meira að segja oft stað þeirra í milli, sem gjarnan mundi hverfa við nánari kynni og meira samstarf.“

Í 2.-3. hefti Sveitarstjórnarmála 1942 bregst Jóhannes Stefánsson, bæjarfulltrúi í Neskaupstað, við hugmyndum Jónasar frá árinu áður í grein sem nefnist *Landssamband sveitarfélaga*. Jóhannes telur að mestallri löggjöf sem snertir starfsemi sveitarfélaganna sé mjög ábótavant og sveitarfélögunum sé ekki nægjanlegur sómi sýndur. „Það er því harla einkennilegt, að þessir aðilar, þó einkum bæjarfélögin, sem um helmingur þjóðarinnar byggir, skuli ekki hafa komið auga á mátt samtakanna, sem er sterkasta vopnið í lýðræðisþjóðfélagi til þess að koma fram ákveðnum málefnum, og því myndað með sér skipulagsbundinn allsherjarfélagsskap um sveitarstjórnarmál.“



Jónas Guðmundsson í ræðustól á stofnfundi sambandsins sem haldinn var í Alþingishúsinu 11. júní 1945.

Jóhannes var ekki sammála Jónasi um að stofna félag sveitarstjórnarmanna. „Tel ég, að réttara væri að stofna Landssamband sveitarfélaga, sem beitti sér fyrir hagsmunum þeirra. [...] Sambandið kæmi fram sem málsvari sveitarfélaganna gagnvart Alþingi og fleiri aðilum. Þingið ræddi og semdi frumvörp um sín málefni. Einnig yrði reynt að leysa hin mörgu vandamál, sem snerta fræðslu, framfærslu, atvinnulíf, fjárhag, ræktun, raforku o.m.fl.“

Að tilhlutan Jónasar Guðmundssonar var framangreind undirbúningsnefnd skipuð og hóf hún störf í mars 1943. „Skyldi nefndin vinna að stofnun sambands sveitarfélaga með það markmið fyrir augum að efla hagsmunamál þeirra og auka skilning á gildi þeirra og þýðingu fyrir þjóðfélagið,“ segir Lýður Björnsson sagfræðingur í riti sínu *Saga sveitarstjórnar á Íslandi 2*.

Deildar meiningar voru um það í upphafi, hvort stofna ætti eitt samband sveitarfélaga eða tvö – samband bæjarfélaga og samband hreppa. Sú skoðun að sambandið ætti að vera eitt varð ofan á og lagði undirbúningsnefndin það til í drögum að lögum sambandsins, sem lögð voru fram á stofnfundinum.





Stofnfundurinn

Á stofnfundinn, sem haldinn var 11.-13. júní 1945, mættu 54 fulltrúar frá 38 sveitarfélögum sem þá voru 220 í landinu, en 53 sveitarfélög höfðu samþykkt að gerast þátttakendur að stofnun sambandsins.. Árið 1974 voru öll sveitarfélög á landinu gengin í Samband íslenskra sveitarfélaga – 224 að tölu og hefur svo verið síðan, að öll sveitarfélög landsins hafa verið aðilar að sambandinu.

Á stofnþinginu í júní 1945 voru samþykkt lög fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem tilgangur sambandsins er:

- » að vinna að aukinni fræðslu um málefni íslenskra sveitarfélaga og efla samstarf þeirra í milli;
- » að koma fram sem heild í málefnum sveitarfélaganna, þegar þess gerist þörf;
- » að vinna að því, að æðri stjórnarvöld taki réttmætt tilliti til óska og þarfa sveitarfélaganna, m.a. með því, að fulltrúar þeirra séu til kvaddir, er mikilvægar ákvarðanir eru teknar um málefni, sem sérstaklega varða sveitarfélögin;
- » að vinna að auknu samstarfi um alhliða menningarmál í hinum ýmsu sveitarfélögum.

Í fyrstu stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga voru kosnir:

Jónas Guðmundsson, eftirlitsmaður sveitastjórnarmálefna, formaður;
Helgi H. Eiríksson bæjarfulltrúi, Reykjavíkurbæ;
Björn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar, Hafnarfjarðarkaupstað;
Sigurjón Jónsson oddviti, Seltjarnarneshreppi;
Klemenzt Jónsson oddviti, Bessastaðahreppi.

Þá voru kosnir 20 fulltrúar alls staðar af að landinu í fulltrúaráð, sem skyldi vera stjórn sambandsins til aðstoðar milli landsþinga.

Fyrsti launaði starfsmaður sambandsins var ráðinn til starfa 1. nóvember árið 1948. Var það Eiríkur Pálsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og annaðist hann framkvæmdastjórn og rekstur sambandsins til ársins 1953. Þá tók Jónas Guðmundsson, formaður sambandsins, að sér framkvæmdastjórnin og gegndi hann því starfi til 1967.

Á lokafundi stofnþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var á Þingvöllum 13. júní 1945, tók Jónas Guðmundsson til máls og þakkaði þá tiltrú sem sér hefði verið sýnd með formannskjörinu, þakkaði fundarmönnum fyrir þann mikla einhug, sem komið hefði fram í störfum þingsins, og lýsti þeirri von sinni og ósk, að Samband íslenskra sveitarfélaga mætti verða þjóðingarmikil og blessunarrík samtök fyrir þjóðfélagið.

„Við höfum verið að stofna félagsskap, sem við með vissu höfum enga hugmynd um, hvort verða kann að gagni eða ógagni fyrir land og lýð. Við höfum verið að sá og vonumst eftir góðri og nytsamri uppskeru. [...] Einhver versta fylgja íslenzku þjóðarinnar frá alda öðli hefursundrunin. Og frægust af allri íslenzkri sundrunu er sundrung íslenskra sveitarfélaga, hreppspólitíkin, sveitarígurinn. Það, sem við höfum nú verið að gera með stofnun þessara samtaka, er m.a. að veita þessum höfuðfjanda, íslenzku sveitarfélagasundruninni, fyrsta höggið. Ég vænti, að okkur takist að uppræta hana að lokum og að þeim, sem á eftir okkur koma, auðnist að sjá þá sundrunu niður kveðna að fullu og öllu. Og ef það tekst, þá hefur tekizt að leggja traustan stein í framtíðarbyggingu íslenzku þjóðarinnar, og þá munu allir fagna því, að við stofnuðum þetta samband, og þakka okkur það, þegar árin líða.“

Á þessum tímamótum er vert að minnast þeirra framsýnu manna sem stóðu að stofnun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir 70 árum og þakka þeim það heillaspor sem stigið var í þágu sveitarfélaganna á Íslandi í júní árið 1945.

Það ber einnig að þakka öllum þeim mikla fjölda sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sambandsins fyrir og síðar sem komið hafa að málefnum sambandsins og rekið öfluga hagsmunabaráttu með samtakamætti fyrir hönd sveitarfélaganna.

Hlutverk sambandsins

Vert er að minna á, að hlutverk og tilgangur Sambands íslenskra sveitarfélaga er enn sá sami og var fyrir 70 árum, þó vissulega hafi áherslur breyst í tímans ráð. Í núverandi samþykktum sambandsins segir:

Hlutverk sambandsins er:

- » Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.
- » Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirsvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- » Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.
- » Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.

Stofnþing

Sambands íslenskra sveitarfélaga

verður sett í alþingishúsinu í Reykjavík
mánudaginn 11. júní 1945, kl. 2 e. h.

Helztu dagskrárliðir eru:

1. Þingsetning.
2. Ávarp félagsmálaráðherra, Finns Jónssonar.
3. Kosning forseta og annarra starfsmanna þingsins.
4. Lög sambandsins.
5. Stjórnarkosning.
6. Önnur mál, er fram verða borin.

Í sambandi við þingið verða flutt erindi um sveitarstjórnarmál eins og tími leyfir og við verður komið.

Reykjavík, 23. maí 1945.

Björn Jóhannesson. Guðmundur Ásbjörnsson. Jónas Guðmundsson.

- » Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.

Sveitarstjórnarmönnum og landsmönnum öllum er óskað farsældar á 70 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Formenn stjórnar sambandsins:

Jónas Guðmundsson 1945–1967
Páll Líndal 1967–1978
Jón G. Tómasson 1978–1982
Björn Friðfinnsson 1982–1987
Sigurgeir Sigurðsson 1987–1990
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson 1990–2006
Halldór Halldórsson 2006–

Framkvæmdastjórnar sambandsins:

Eiríkur Pálsson 1948–1953
Jónas Guðmundsson 1953–1967
Magnús E. Guðjónsson 1967–1990
Þórður Skúlason 1990–2008
Karl Björnsson 2008–

Heimildir:

Tímaritið Sveitarstjórnarmál.

Afmælisrit 1995 – Sveitarstjórnarmál.

Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórnar á Íslandi 2, Reykjavík 1979.

Fundargerðarbækur sambandsins.

Samantekt: Magnús Karel Hannesson



Myndirnar eru allar frá stofnfundi sambandsins, á Þingvöllum og í sal neðri deildar Alþingis, dagana 11.–13. júní árið 1945, og eru allar teknar af Vigfúsi Sigurgeirssyni ljósmyndara.



Samband íslenskra sveitarfélaga – 70 ára 1945-2015